

## Farsæld barna

Farsæld barna felur í sér að skapa barni sem best skilyrði til að ná þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar. Útgangspunkturinn í öllu sem við gerum er barnið og hagsmunir þess. Hér eru upplýsingar um farsæld barna í Múlaþingi. (Tengill inn á heimasíðu Múlaþings). [Farsæld barna | Múlaþing](#)

## Tengiliðir [Tengiliður](#)

Öll börn og foreldrar skulu hafa aðgang að tengilið þjónustu í þágu farsældar barns eftir því sem þörf krefur. Hlutverk tengiliðar er fyrst og fremst að veita upplýsingar, aðstoða foreldra og barn og styðja við samþættingu á fyrsta stigi í samræmi við óskir foreldra og/eða barns.

**Tengiliðir í Egilsstaðaskóla eru:** Hlín Stefánsdóttir (hlin.stefansdottir@mulathing.is) og Ingunn Heiðdís Yngvadóttir (ingunn.h.yngvadottir@mulathing.is) sem einnig eru deildarstjórar stoðþjónustu. Foreldrar og börn geta haft samband við tengiliði í gegnum tölvupóst eða hringja í skólann í síma 4 700 605.

## Stigskipting þjónustunnar [Stigskipting þjónustu](#)

1. **Fyrsta stig:** Grunnþjónusta sem er aðgengileg öllum börnum og foreldrum. Markmið að **styðja** við farsæld barns.
1. **Annað stig:** Úrræði þar sem veittur er einstaklingsbundinn og markvissari stuðningur. Markmið að **tryggja** farsæld barns.
1. **Þriðja stig:** Úrræði þar sem veittur er einstaklingsbundinn og sérhæfðari stuðningur. Markmið að **tryggja að farsæld** barns verði ekki hættu búin.

## Málastjóri tilnefndur á 2. stigi farsældar [Málastjóri](#)

- Barn sem hefur þörf fyrir fjölþætta þjónustu á öðru og/eða þriðja stigi til lengri tíma fær málstjóra frá barna- og fjölskylduteymi velferðarsviðs eða barnaverndarþjónustu Kópavogs eftir því sem við á. Hlutverk málstjóra er að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf og leiða samþættingu þjónustu. Málstjóri ber ábyrgð á gerð stuðningsáætlunar og stýrir stuðningsteymi og fylgir því eftir að þjónusta sé veitt í samræmi við áætlun.

Samþætting þjónustu er unnin samkvæmt [lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna](#) sem tóku gildi 1. janúar 2022 og eru í innleiðingarferli til loka árs 2026.

Á heimasíðunni [www.farsaeldbarna.is](http://www.farsaeldbarna.is) má finna frekari upplýsingar um farsæld barna. Múlaþing gætir að öryggi persónuupplýsinga með viðeigandi ráðstöfunum samkvæmt ákvæðum persónuverndarlaga og reglum þar að lútandi. Allt starfsfólk sem kemur að vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við samþættingu þjónustu er bundið þagnarskyldu.